

Svar

félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Halldóru Mogensen um viðbótarkostnað vegna breytinga á almannatryggingum.

1. *Hver yrði árlegur viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef uppbot á lífeyri vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð yrði felld inn í tekjutryggingu skv. 22. gr. laga um almannatryggingar þannig að hætt yrði að skerða uppbotina „krónu á móti krónu“ vegna annarra tekna lífeyrisþega? Óskað er eftir svári miðað við óbreytta tekjutryggingu.*

Fjárhæð uppbotar á lífeyri vegna framfærslu er mjög mismunandi eftir því hversu háa aldurstengda örorkuuppbot örorkulífeyrisþegar fá skv. 21. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Sú fjárhæð ræðst annars vegar af því hversu gamlir örorkulífeyrisþegar voru þegar þeir voru fyrst metnir til 75% örorku og hins vegar af því hvort þeir fá greidda heimilisuppbot skv. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, eða ekki. Þannig getur fjárhæð sérstakrar uppbotar vegna framfærslu örorkulífeyrisþega verið á bilinu 4.953–58.986 kr. á mánuði eftir því hversu gamlir örorkulífeyrisþegar voru þegar þeir voru fyrst metnir til 75% örorku og hvort þeir fá greidda heimilisuppbot eða ekki. Því vaknar sú spurning hvaða fjárhæð eigi að bæta við tekjutryggingu samhliða því að leggja niður sérstaka uppbot til framfærslu. Ef viðbótin við tekjutrygginguna yrði lægri en 58.986 kr. á mánuði fengi hluti tekjulágra örorkulífeyrisþega lægri greiðslur eftir breytinguna, en ef viðbótin yrði 58.986 kr. á mánuði fengju allir aðrir en tekjulausir örorkulífeyrisþegar sem fá heimilisuppbot og voru fyrst metnir til örorku á aldrinum 60–66 ára hærri greiðslur eftir breytinguna.

Ef miðað er við að viðbót við tekjutryggingu yrði 58.986 kr. á mánuði yrði hækkun tekjutryggingar 58.986 kr. hjá öllum örorkulífeyrisþegum sem nú hafa of háar tekjur til að fá greidda sérstaka uppbot vegna framfærslu. Hækkunin til þeirra sem nú fá greidda sérstaka uppbot vegna framfærslu yrði 58.596 kr. að frádreginni þeirri fjárhæð sem þeir fá nú greidda í sérstaka uppbot vegna framfærslu. Þeir sem fengju mesta hækkun í þeim hópi eru þeir sem eru tekjulausir, fá ekki greidda heimilisuppbot og voru fyrst metnir til örorku 24 ára eða yngri.

Kostnaður við þessa breytingu er áætlaður 11.438 millj. kr. á ári.

2. *Hver yrði viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef sett yrði í lög um félagslega aðstoð bráðabirgðaákvæði þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 9. gr. skuli frá 1. janúar 2017 teljast til tekna við útreikning sérstakrar framfærsluuppbotar 60% allra tekna, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi?*

Kostnaður við þessa breytingu er áætlaður um 14.500 millj. kr. á ári ef ákvæðið næði bæði til bóta almannatrygginga og annarra tekna lífeyrisþega. Ef breytingin fælist aftur á móti í því að 100% bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar teldust til tekna við útreikning sérstakrar framfærsluuppbotar en 60% annarra tekna lífeyrisþega er kostnaðurinn áætlaður um 900 millj. kr. á ári.

3. *Hver yrði áætlaður viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingar ef frá 1. janúar 2018 giltu sömu útreikningsreglur um sérstakra framfærsluuppbót og gilda um tekjutryggingu?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar er fjárhæð uppbótar á lífeyri vegna framfærslu mjög mismunandi eftir aðstæðum lífeyrisþega.

Ef miðað er við að í stað sérstakrar framfærsluuppbótar komi bótaflokkur sem verði óskertur 58.986 kr. á mánuði og verði með öll sömu frítekjumörk og sama skerðingarhlutfall og tekjutrygging er áætlaður viðbótarkostnaður 6.557 millj. kr. á ári.